



Nefndarsvið Alþingis
B.t. Helgu E. Þórisdóttur
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

SA/jg

Rvk. 27.03.2002

Málafni: Frumvarp til laga um eiturefni og hættuleg efni, 587. mál, EES-reglur, ósoneyðandi efni

Með vísan til bréfs yðar dagsett 18. mars s.l. þar sem þér óskið eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvarp til laga um eiturefni og hættuleg efni, 587. mál, EES-reglur, ósoneyðandi efni, vilja Samtökin taka eftirfarandi fram:

Ekki eru gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins né tilgang þess heldur er sú lagastoð sem leggja á til grundvallar væntanlegri reglugerð um bann við innflutningi á ósoneyðandi efnum gerð að umtalsefni.

Í frumvarpinu eru ákvæði um að ráðherra geti í reglugerð að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins bannað innflutning og framleiðslu eiturefna og hættulegra efna sem haft geta skaðleg áhrif á umhverfið. Samkvæmt lögum um eiturefni og hættuleg efni eru eiturefni og hættuleg efni skráð á lista yfir eiturefni og hættuleg efni sbr. reglugerð 236/1999 með síðari breytingum. Þannig taka lögin eingöngu til þeirra efna sem eru á nefndum lista yfir eiturefni og hættuleg efni sbr. reglugerð 236/1990 og bannákvæðið nær aðeins til efna á listanum sem haft geta skaðleg áhrif á umhverfið.

Ætlunin er með reglugerð sem ráðherra setur með stoð í lögum um eiturefni og hættuleg efni að ná til tiltekinna ósoneyðandi efna í reglugerð Evrópussambandsins og ráðsins (EB) nr. 2037/2000 ásamt breytingum nr. 2039/2000 við innleiðingu þeirra. Í framangreindum reglugerðum Evrópusambandsins og ráðsins eru þau efnasambönd og efnahópar, sem reglugerðin nær til, nefndir efnafræðilegum heitum svo ekki verður um villst. Þau efni sem þar eru upp talin er ekki öll að finna á framangreindum lista reglugerðar 236/1990 og falla þau því ekki undir lög um eiturefni og hættuleg efni. Því er sú lagastoð sem er að finna í 29. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni ófullnægjandi og sama er að segja um 1. gr. frumvarpsins.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið hafa á undanförunum árum verið settar reglur um varnir gegn mengun af ósoneyðandi efnum á grundvelli heimildar í 29. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni. Dregið er í efa að sú lagaheimild sé fullnægjandi, en það þarf skoðunar við.

Að gefnu tilefni skal einnig bent á að ekki er að finna allar gróðurhúsalofttegundir á umræddum lista yfir eiturefni og hættuleg efni sbr. reglugerð nr. 236/1990.

Virðingarfyllst,
F.h. Samtaka atvinnulífsins

Óskar Maríusson